



Leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, til einstaklinga sem dvelja utandyra, vegna mengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs (SO₂) frá eldgosinu í Fagradalsfjalli

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgist með loftgæðum í borginni og gefur út viðvaranir þegar viðvarandi styrkur SO₂ er á bilinu 300-2000 µg/m³. Fari styrkur SO₂ yfir 2000 µg/m³ gefa Almannaþingurinn í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur út tilkynningar með leiðbeiningum um nauðsynleg viðbrögð. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vísar einnig til upplýsinga í töflu Almannaþingarinnar sem sýnir rétt viðbrögð við SO₂ mengun. Hún útlistar viðbrögð eftir styrk mengunar og eftir því hvort um heilbrigða einstaklinga sé að ræða eða einstaklinga sem eru viðkvæmir fyrir vegna sjúkdóma í lungum og/eða hjartasjúkdóma. Það skal tekið fram að börn flokkast sem viðkvæmir einstaklingar þó að þau hafi ekki undirliggjandi sjúkdóma.

Umhverfisstofnun hefur gefið út ráðleggingar um viðbrögð við SO₂ gasmengun og áhrif á heilsufar og er taflan aðgengileg hér: <https://ust.is/loft/loftgaedi/loftmengun-i-eldgosum/>

Styrkur SO ₂ í 10-15 mín		Lýsingar á loftgæðum og áhrifum á fólk	Ráðleggingar um viðbrögð	
µg/m ³	ppm		Öll börn. Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma og viðkvæmir einstaklingar*	Heilbrigðir einstaklingar
Góð				
0-350	0-0,1	Yfirleitt engin áhrif á heilsufar.	Getur fundið fyrir áhrifum. Börn eiga ekki að sofa úti í vagni.	Áhrif á heilsufar ólíkleg.
Sæmilæg				
350-600	0,1-0,2	Viðkvæmir einstaklingar: Getur valdið óþægindum í öndunarfarum (hósta). Heilbrigðir einstaklingar: Erting í augum, nefi og koki	Farið með gát, fylgist með mælingum. Dragið úr áreynslu utandyra ef þið finnið fyrir einkennum. Lítil börn eiga ekki að sofa úti í vagni. Eldri börn eiga ekki að reyna á sig utan dyra. Slökkvið á loftræstingu.	Áhrif á heilsufar ólíkleg. Slökkvið á loftræstingu.
Óholl fyrir viðkvæma				
600-2.600	0,2-1,0	Viðkvæmir einstaklingar: Hósti. Erting í augum, koki og nefi. Heilbrigðir einstaklingar: Getur valdið einkennum frá öndunarfarum og ertingu í augum, nefi og koki	Forðist áreynslu utandyra og börn eiga ekki að vera útivið nema til að komast til og frá skóla. Slökkvið á loftræstingu.	Áhrif á heilsufar ólíkleg en gagnlegt að draga úr áreynslu utandyra. Andið í gegn um munn og nef. Slökkvið á loftræstingu.
Óholl				
2.600-9.000	1,0-3,0	Viðkvæmir einstaklingar: Hósti og höfuðverkur. Erting í augum, nefi og koki. Heilbrigðir einstaklingar: Sömu einkenni en vægari og ef til vill engin.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu.	Forðist áreynslu utandyra. Þeir sem hafa tök á haldi sig innandyra. Lokið gluggum og slökkvið á loftræstingu.
2.600	1,0	Vinnuverndarmörk í 15 mín.	Öll vinna utandyra bönnuð nema með viðeigandi gasgrímu og gasmæli.	Öll vinna utandyra bönnuð nema með viðeigandi gasgrímu og gasmæli.
Mjög óholl				
9.000-14.000	3,0-5,0	Allir líklegir til að finna fyrir miðlungs- eða alvarlegum einkennum frá öndunarfarum.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.
Hættuástand				
>14.000	>5,0	Alvarleg einkenni frá öndunarfarum eru mjög líkleg bæði fyrir heilbrigða og viðkvæma.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.

* Öll börn. Fullorðnir með astma (sögu um ýi og/eða surg fyrir brjósti, eða greindan astma), berkjubólgu, lungnaþembu og hjarta- og æðasjúkdóma. Þessar leiðbeiningar gilda einnig um barnshafandi konur.



Litirnir í töflunni miða eingöngu við styrk SO₂ í 10-15 mínútur. Áhrif loftmengunar á heilsu eru háð þeim tíma sem fólk dvelur í menguninni. Heilsuverndarmörk fyrir klukkutíma eru 350 µg/m³ og heilsuverndarmörk fyrir sólarhring eru 125 µg/m³. Samkvæmt töflunni er mælt með því að þegar styrkur SO₂ fer yfir 2000 µg/m³ skuli allir einstaklingar forðast áreynslu utandyra.

Þegar mengun frá eldgosinu í Fagradalsfjalli berst inn á höfuðborgarsvæðið geta komið háir mengunartoppar sem hafa oftast gengið fljótt yfir. Mengun í lægri styrk getur varað í lengri tíma. Viðkvæmir einstaklingar, forsvarsmenn barna og atvinnurekendur eiga að fylgjast með loftgæðamælingum, hafi borist tilkynningar um háan styrk SO₂. Mælingar má sjá á loftgæðavef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/loftgaedi og á vef Umhverfisstofnunar, www.loftgaedi.is. Miðað skal við þær mælistöðvar sem næst liggja vinnustöð starfsmanna þegar metið er hvort vinnuáðstæður séu viðunandi. Einnig er bent á að fylgjast með gasspá á https://dispersion.vedur.is/#/page/run_list.

Samkvæmt Vinnueftirliti ríkisins eru vinnuverndarmörk fyrir brennisteinsdíoxíð (SO₂) fyrir 8 klst. 1300 µg/m³ en hámarksgildi fyrir hverjar 15 mínútur er 2600 µg/m³. Fari styrkur SO₂ yfir 1300 µg/m³ að meðaltali yfir 8 klst. tímabil skal stytta vinnutímann í hlutfalli við styrk mengunarinnar eða starfsmenn noti gasgrímur. Fari styrkur SO₂ á 15 mínútna tímabil yfir tvöföld mengunarmörkin þ.e. 2600 µg/m³ að meðaltali skal vinnu hætt eða starfsmenn noti gasgrímur.

Ákvarðanir um vinnu utandyra á að taka m.t.t. mæligilda, staðsetningu vinnustaðar og eðli starfa. Ef mæligildi fara að vera yfir 2600 µg/m³ yfir 15 mínútur er ráðlagt að biða innandyra þar til þau hafa gengið niður að öðrum kosti nota hlífðarbúnað s.s. gasgrímu. Heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík hvetur almennt til að fólk fylgist með og noti leiðbeiningar til að taka ákvarðanir um viðbrögð og dvöl utandyra.

Hægt er að fá frekari upplýsingar hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Hafa skal samband við Helga Guðjónsson, gsm: 6939678 og Rósu Magnúsdóttur, gsm 6939650.

Heimildir:

www.reykjavik.is/loftgaedi

www.loftgaedi.is

<https://ust.is/loft/loftgaedi/loftmengun-i-eldgosum/>

http://avd.is/is/?page_id=730

https://dispersion.vedur.is/#/page/run_list

<https://www.vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/mikilvaegt-ad-fylgjast-med-throun-loftgaeda-vid-vinnu-utan-dyra-i-kjolfar-eldgoss-og-eldvirkni>

<http://www.vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/nr/1170>